

Flutt inn

Húsnæði tekið í notkun

Nýir leigutakar verða að skrifa niður athugasemdir og ábendingar um galla og/eða tjón. Hafi leigutaki eitthvað við íbúð/herbergi að athuga þarf hann að gera athugasemd þar að lútandi **eigi síðar en sólarhring eftir afhendingu íbúðar**. Athugasemdir við flutning í íbúð skal senda á gunnarorn@lbhi.is sem kemur þeim áleiðis til húsvaðar sem mun bregðast við vandamálinu við fyrsta tækifæri. Sýnið biðlund – mikið álag getur skapast þegar margir nýir leigjendur flytja inn á sama tíma.

Ábyrgðartrygging

Þeir sem eru að flytja inn í húsnæði Nemendagarðanna þurfa að fylla út blað við undirritun samnings þar sem fram kemur að leigjandi skuldbindi sig að greiða tryggingu, allt að 150.000, ef skemmdir verða á húsnæði á leigutímanum eða við brottflutning.

Flutt út

Þegar húsnæði er skilað skal sækja úttektargögn í móttöku skólans, fylgið þeim leiðbeiningum um þrif og skil á húsnæði.

Það er á ábyrgð leigjandans að vera tímanlega í sambandi við úttektaraðila og finna tíma til úttektar á dagvinnutíma. Leigjandi skal vera viðstaddur úttekt. **Ekki er leyfilegt að skila íbúð/lykli fyrr en að úttektaraðili hefur fyllt út úttektarlista og samþykkt úttektina.**

Lykli skal skilað í síðasta lagi daginn eftir að leigutímabili lýkur til Péturs húsvaðar, Álfheiðar Sverris á kennsluskrifstofu eða í móttöku skólans. **Sé lykli ekki skilað á réttum tíma verður leiga áfram innheimt.**